



## Viðbragðsáætlun vegna kvartana um lykt

Stakksberg mun setja upp vefsíðu þar sem hægt verður að koma á framfæri nafnlausum athugasemdum, þar með talið umkvörtunum um lykt. Einnig verður tekið á móti kvörtunum sem berast til Umhverfisstofnunar. Brugðist verður við kvörtunum á eftirfarandi hátt:

- 1 Skráning á lyktarfrávikum í gegnum vefsíðu þar sem tekið er á móti nafnlausum ábendingum um lykt.
- 2 Stakksberg mun meðhöndla frávik á þann hátt að þau verða metin, orsakir greindar og viðbrögð ákveðin skv. neðangreindu.
- 3 Skráning, rannsókn og úrvinnsla frávika verður birt opinberlega á vefsíðu.
- 4 Rannsókn á frávikum felur meðal annars í sér að kanna rekstrarupplýsingar, virkni búnaðar, samsetningu hráefna og vinnubrögð. Einnig verða umhverfis- og veðuraðstæður kannaðar.
- 5 Viðbrögð og úrbætur geta verið í formi lagfæringa á búnaði, vinnubrögðum, breytinga á hráefnasamsetningu, breytinga á rekstrarforsendum og upplýsingagjöf.
- 6 Notaður verður færanlegur búnaður til að mæla VOC efni ef ástæða þykir til.